

Ed.

457. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Í nefndinni náðist ekki samkomulag um mál þetta. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en ég er því andvígur.

Frv. þetta felur í sér staðfestingu á viðaukasamningi ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd. um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Viðaukasamningi þessum fylgir sérstakur samningur milli Landsvirkjunar og Íslenzka álfélagsins um aukna orkusölu á sama verði og upphaflega var samið um.

Þennan orkusölusamning tel ég fráleitán. Á sínum tíma var samið um mjög lágt orkuverð til álbræðslunnar, enda viðurkenndu stjórnarvöld þá, að það væri í lágsta lagi. Hins vegar var því marglýst yfir, að svo framarlega sem til stækkunar álversins kæmi og aukinnar raforkusölu af þeim sökum, væri eðlilegt og sjálfsagt að semja um hærra raforkuverð.

Ekki hafa verið færð að því nein viðhlítandi rök, að nauðsyn hafi borið til að semja um þetta lága raforkuverð nú. Er orkusala á slíku verði þeim mun furðulegri sem ljóst er orðið, að byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar hefur reynzt meiri en áætlaður var og lánakjör verri en upphaflega var gert ráð fyrir. Er því fullkomlega ljóst, að viðbótarsamningur þessi gerir ráð fyrir söluverði raforku, sem er töluvert undir framleiðslukostnaðarverði. Ég get ekki fallizt á slíkan samning og legg til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. marz 1970.

Gils Guðmundsson.